

Fréttapistill frá forseta Íslands

21. mars 2021

Í dag er alþjóðlegi Downs-dagurinn. Fyrir réttum áratug lýstu Sameinuðu þjóðirnar því formlega yfir að 21. mars væri alþjóðadagur Downs-heilkennis. Ár hvert er þessi dagur nýttur til að auka þekkingu og vitund um heilkennið og mikilvægi fjölbreytni, umburðarlyndis og samkenndar í samfélaginu. Dagsetningin er táknað að því leyti að vísað er til þess að Downs-heilkenni orsakast af því að þá hefur fólk þrjú eintök af litningi 21 í stað tveggja; 21.3. Ég setti saman kveðju af þessu tilefni sem sjá má hér: <https://www.facebook.com/empaettiforseta/videos/453023949230209>

Söguleg tíðindi urðu í nýliðinni viku: Eldur kom upp á Reykjanesskaga í fyrsta sinn í nær átta aldir. Um það leyti sem sögur greina síðast frá eldsumbrotum á þessum slóðum átti Snorri Sturluson Bessastaði. Þá lauk löngu óróaskeiði. Nú bíðum við þess sem verða vill. Náttúran sýnir okkur enn sinn ægimátt. Skiljanlegt er að fólk vilji sjá ógnarkraftinn leysast úr læðingi en um leið er brýnt að fara varlega. Leiðin í Geldingadali er strembin og enn erfiðari í vondu veðri. Þetta getur ekki verið göngutúr með börnunum og ís á eftir. Sýnum bara aðgát og bendi ég þá á viðvaranir Almannafræðinganna sem lesa má hér:

<https://www.almannavarnir.is/.../varad-vid-dvol-nalaegt.../>

<https://www.almannavarnir.is/.../logreglustjorinn-a.../>

Í morgun flaug ég með þyrlu Landhelgisgæslunnar á vettvang ásamt fleirum. Gosstaðurinn er magnaður og hlakka ég til að geta sagt erlendum kollegum og öðrum frá eigin upplifun af þessari hlið Íslands, þessum kynngimagnaða krafti landsins okkar. Ég þakka Georg Lárussyni, forstjóra Gæslunnar (sem á afmæli í dag), Sigurði Ásgeirssyni flugstjóra og áhöfn hans fyrir fagmennsku og þægilegheit. Starfi þeirra er mikilvægur og ekki eru allar ferðirnar eins ánægjulegar og áhyggjulausar og þessi í morgun. Ég er fullur aðdáunar á liði Landhelgisgæslunnar og sendi öllum þar góðar kveðjur.

Í fluginu var Björn Oddsson með í för. Hann er jarðeðlisfræðingur hjá Almannafræðingadeild Ríkislögreglustjóra og var bæði gaman og fróðlegt að hlýða á frásögn hans af gosinu, aðdraganda þess og hugsanlegri þróun. Ég viðurkenni að ég glotti út í annað eins og fleiri þegar eldsumbrot hófust nánast um leið og einn jarðfræðingurinn hafði bent á að samkvæmt öllum sólarmerkjum að dæma væru litlar líkur á gosi. Fyrirsögnin var fin en minna fór fyrir fyrirvörum í meginmáli. Mér hafa líka þótt viðbrögð vísindamannsins til fyrirmyndar, skopskynið í góðu lagi þar. En svona er eðli svo margra vísinda. Að spá fyrir um framtíðina er háskaleikur og best að hafa varann á. „Allt er óvísst í þessari veröld, og það fellur mér einmitt best,“ segir ein söguhetjan í ævintýrunum úr Múmíndal, næsta dal við Geldingsdali í þessum óeiginlega skilningi.

Orðin um óvissuna eru orð að sönnu. Á mánudaginn var átti ég samtalið við Fannar Jónasson, bæjarstjóra í Grindavík. Hvorugur okkar gat séð fyrir að senn myndi gjósa í

Geldingadölum en við ræddum jarðhræringarnar að undanfögnu og áhrif þeirra á bæjarbúa. Fannar rakti hvernig bæjaryfirvöld og aðrir hafa upplýst bæjarbúa um stöðu mála og viðbragðsáætlanir. Ég bað fyrir góðar kveðjur til Grindvíkinga og kvaðst hlakka til að heimsækja bæjarfélagið á ný við hentugleika. Þá verður mér hugsað til Sjóarans síkátá, fjölskylduskemmtunar Grindvíkinga á sjómannadeginum. Þann viðburð höfðum við fjölskyldan gjarnan sótt og haft gaman af.

Í vikunni sem leið bar þetta annars helst til tíðinda á vettvangi míns embættis: Á föstudaginn var tilkynnt um skipun nýs forsetaritará, Sifjar Gunnarsdóttur. Alls sóttu 60 manns um þá stöðu og þakka ég þeim öllum auðsýndan áhuga á starfinu. Sif hefur senn störf og lesa má um reynslu hennar og feril á heimasíðu forsetaembættisins. Þar má einnig fylgjast með öðrum fregnum, fésbókarfærslum og tístum.

Á sunnudaginn var sótti ég plokkmessu á vegum Bessastaðasóknar. Fermingarborn, fjölskyldur þeirra og aðrir úr sókninni hreinsuðu upp rusl í fjörunni og víðar í nágrenni Bessastaðakirkju og nutu veitinga við skógarlundinn hjá henni að því verki loknu. Ég þakka sóknarnefndinni, sóknarpresti og öðrum sem skipulögðu þetta fína framtak.

Síðastliðinn miðvikudag sendi ég Alfreð Gíslasyni, þjálfara þýska landsliðsins í handknattleik karla, stuðningskveðju. Þar ytra barst honum fyrir skemmstu ósvífinn haturspóstur, angandi af þjóðrembu sem er sjálfsagt að fordæma.

Þennan sama dag, 17. mars, fagna Írar um víða veröld Degi heilags Patreks. Af því tilefni sendi ég Michael Higgins Írlandsforseta heillaóskir og öllum hans samlöndum. Higgins er þekkt ljóðskáld og kvæði hans, „Take Care“, þykir mér afar fallett svo að eitt dæmi sé tekið um skáldskap hans. Upphaf þess er svohljóðandi:

In the journey to the light,
the dark moments
should not threaten.
Belief
requires
that you hold steady.
Bend, if you will,
with the wind.
The tree is your teacher,
roots at once
more firm
from experience
in the soil
made fragile.

Á fimmtudaginn var tók ég á móti gönguhópi eldri og heldri borgara á vegum Ferðafélags Íslands. Göngugarparnir þræða um þessar mundir strandlengju höfuðborgarsvæðisins og í þetta sinn lá leiðin frá Bessastöðum út á Bessastaðanes. Að göngu lokinni tók ég á móti hópnum í Bessastaðastofu. Þar flutti ég stutt ávarp um mikilvægi hreyfingar og útivistar á öllum æviskeiðum. Þá minnti ég á það ríkidæmi

okkar á Íslandi að guðsgræn náttúran er hvarvetna í göngufjarlægð. Hugarangur versnar sjaldan við að fara í góðan göngutúr.

Síðar þennan fimmtudag hlotnaðist mér sá heiður að taka á móti góðri gjöf, sokkapörum frá Krabbameinsfélagi Íslands í tilefni Mottumars, árveknisátaki um krabbamein í körlum. Sala á sokkunum í marsmánuði er venjulega einn af hornsteinum fjáröflunar félagsins en vegna heimsfaraldursins og veðurofsa í Evrópu í síðustu viku tafðist afhending sokkanna um rúmar tvær vikur. Guðfinna Halla Þorvaldsdóttir, framkvæmdastjóri Krabbameinsfélagsins, afhenti mér sokkablögg á Bessastöðum. Ég þakka hlýhuginn og hvet öll, sem á því hafa tök, að kaupa Mottumarssockka, t.d. í vefverslun félagsins.

Að kvöldi hefði ég gjarnan viljað sækja leik Vals og Tindastóls í körfuknattleik karla. Allur ágóði af miðasölu leiksins rann óskiptur til Píeta-samtakanna sem sinna forvarnarstarfi gegn sjálfsvígum og sjálfsskaða og styðja við aðstandendur. Áfram er unnt að styrkja samtökin með frjálsum framlögum.

Við upphaf nýrrar viku höfum við hugann eflaust helst við eldsumbrotin í Geldingadölum. Nú er ég búinn að virða fyrir mér þetta magnaða náttúruundur og skil þau vel sem vilja gera sér ferð að gosstöðvunum. Enginn ætti þó að leggja í þannig leiðangur án reynslu og þekkingar á staðhättum. Ég hvet fólk líka til að vera vel útbúið og fylgja fyrirmælum, t.d. um hvar megi ekki vera vegna þeirrar hættu að aðstæður versni í einni svipan.

Að lokum óska ég ykkur öllum velfarnaðar við upphaf nýrrar viku.